



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

**Fundargerð 83. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

**Dagsetning: mánudagur 18. nóvember 2019 klukkan 16:30 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Viðstaddir:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Helga Guðmundsdóttir, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Áslaug Stella Steinarsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda og Freydís Bjarnadóttir fjármálastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður nefndarinnar, Björg Ágústsdóttir setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar lesin og lögð fram til samþykktar.**

Fundargerð samþykkt samhljóða.

**2. Rekstrarstaða skólans**

Skólameistari og fjármálastjóri fóru á fund í ráðuneytinu í lok september og upplýstu fundarmenn um helstu atriði fundarins. Farið var yfir rekstrarstöðu skólans. Á fundinum var tilkynnt að það væri ekki búið að loka árinu 2018 hjá Fjársýslunni og ekki ljóst á þessari stundu hvernig það muni koma til með að hafa áhrif á árið 2019. Skólanefnd lítur á það alvarlegum augum að ekki sé betri mynd á rekstrarumhverfi skólans. Skólameistari fer yfir fjárlög 2020.

**3. Fjármál – áætlun.**

Fjármálastjóri fjallar um áætlun 2020, Hrafnhildur talar um nauðsynlega endurnýjun á tækjabúnaði skólans.

**4. Nemendafjöldi – nemendaígildi.**



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

11.9.2019							
	Í námi	Fjarnám	Nýnemar	Utanskóla	Grunnsk.	Skiptin.	Samt.
Starfsbraut	8						8
Félags- og hugvísindabraut	44	17	6	6	1		74
Náttúru- og raunvísindabraut	23	2	11				36
Opin braut	9	41	7	1		1	59
Framhaldsskólabraut 1	3		5				8
Framhaldsskólabraut 2	4	1	19				24
Viðbótarnám til stúdentspr.		2					2
<b>Samtals í námi</b>	<b>91</b>	<b>63</b>	<b>48</b>	<b>7</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>211</b>

## 5. Stefna skólans – þriggja ára plagg.

Hrafnhildur kynnr stefnu skólans fyrir árin 2020-2022. Kynnir nýjar leiðir í þróun starfsnáms sem er í undirbúningi hjá 14 skólum. Ráðuneytið er með í undirbúningi. Verkefnið enn á byrjunarstigi. Aukinn kraftur settur í stefnumál skólans og kynningu á skólanum.

## 6. Jafnlaunavottun - Persónuverndarlög – Skjalastjórnun

Farið yfir stöðu þessa verkefna. Mannauðsstjóri í 25% starfi vinnur að jafnlaunavottun og innleiðingu á persónuverndarlögum. Jafnlaunavottun þarf að vera komin fyrir lok árs. Skólinn samdi við ráðgjafafyrirtæki Ráður 2 til aðstoðar í innleiðingu jafnlaunavottunar. Data Lab Ísland er fyrirtæki sem veitir skólanum ráðgjöf í innleiðingu persónuverndarlaganna. Skjalastjórnun er einnig í ferli, hægur gangur. Mögulega hægt að fara að vinna öll skjöl í gegnum skjalastjórnunarkerfi 1.janúar 2020.

## 7. Samráðsfundur ráðuneytis og skólameistara - Samvinna í lærdómssamfélagi.

Hrafnhildur fór á fundinn og sagði frá. Hún var ánægð með fundinn og verið er að hugsa lærdómssamfélagið uppá nýtt.



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

**8. Samráðsfundur ráðuneytis og skólameistara** - Aukið aðgengi að gæðastarfsmenntun á landsbyggðinni  
Sjá undir lið 5.

**9. Skólalæping Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Hrafnhildur og Freydís fóru fyrir hönd skólans. Báðar ánægðar með skólalæpingið. Umræður um tillögu um styttingu grunnskólans niður í 9 ár.

**10. Starfsmannamál**

Einn starfsmaður farinn í veikindaleyfi fram til áramóta og var sú staða leyst með því að ráða inn grunnskólakennara frá Stykkishólmi. Búið er að auglýsa stöðuna, auglýsing rennur út 25.nóv.  
Þrjú starfsmenn eru í kennsluréttindanámi.  
Umræður um eitt leyfisbréf.

**11. Sjálfsmat FSN**

Freydís fer stuttlega yfir einstakar niðurstöður úr þeirri könnun sem var lögð fyrir nemendum núna í október. Ekki er búið að fullvinna niðurstöðurnar til að kynna fyrir nefndinni en áætlaður er húsfundur þriðjudag í næstu viku 26.nóv. Þegar niðurstöður eru tilbúnar skal senda þær á nefndina til kynningar.

**12. Umbótaáætlun**

Umbótaáætlun er hluti af sjálfsmatsskýrslu FSN og er unnin upp úr punktum sem komu til athugunar úr ytra mati skólans. Hrafnhildur kynnti.

**13. Erasmus**

Sólrún kynnir verkefnið sem er í gangi núna, síðan á síðasta fundi er búið að fara í ferð til Frakklands. Í febrúar 2020 verðum við gestgjafar í þessu verkefni þar sem um það bil 35 manna hópur kemur til okkar. Verkefnið heitir Science around us.

Skólinn er líka þátttakandi í öðru verkefni sem heitir „every teacher flipped“.

**14. ICP ráðstefna í Kína.**

Hrafnhildur segir frá ráðstefnunni. Það sem stendur upp úr í hennar huga er það hversu mikil áhersla var á hamingjuna og þessi „mjúku“ gildi í



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

lífinu. Að kenna þekkingu eða kenna hæfni?

### **15. Fulltrúi NFSN segir frá félagslífi nemenda.**

Áslaug Stella segir frá.

### **16. Önnur mál –**

- a. Fyrirspurn varðandi greiðslu fyrir nefndarstörf.
- b. Ákveðið var á síðasta fundi að fara í stefnumótun.
- c. Foreldrafélag FSN, við auglýsum eftir fólki í foreldrafélag FSN. Komin var ein kona sem bauð sig fram í foreldrafélagið. Þjóðum henni á næsta fund sem fulltrúa foreldra.
- d. Hrafnhildur tala um westside. Nemendur voru ánægð með westside síðasta vor og ákveðið var að halda áfram með þetta verkefni þó svo að fyrstu viðbrögð eftir skemmtun haust 2018 hafi verið að hætta með þetta. Westside núna í haust gekk vel og engin eftirsjá af því að halda þessu áfram.
- e. Umræða um að stytta fundina framvegis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.30.